Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13.3.14
Nr. 4

# S A M N I N G U R

Stjórn Garðræktarfélags Reykhverfinga f.h. félagsins og bæjarstjórinn í Húsavík f.h. Hitaveitu Húsavíkur gera með sér svohljóðandi

samning:

1. Garðræktarfélagið veitir Hitaveitu Húsavíkur rétt til fullra afnota á 31 árssekúndulítra af sjálfrennandi heitu vatni úr Yztahver og úr hluta félagsins í hverunum Syðstahver og Strútshver með þeim takmörkunum og skilmálum, er í samningi þessum greinir. Garðræktarfélagið gerir ráð fyrir að nota til eigin þarfa það heitt vatn, sem framyfir er þá 31 sekúndulítra, sem leigðir eru skv. 1. mgr.

   Við virkjun Yztahvers skal þess gætt, að hægt verði að láta hverinn gjósa áfram. Í því sambandi skal athuga hvort Hitaveita Húsavíkur getur komizt af með minna vatnsmagn á tímabilinu 1. júní til 15. ágúst en á öðrum tímum ársins.

2. Noti hitaveitan skv. síðara samkomulagi meira en 31. sekúndulítra af sjálfrennandi heitu vatni úr eigu félagsins skal hún greiða leigu fyrir allt vatnsmagnið skv. 4. tölulið, en aldrei skal hitaveitan greiða fyrir minna en 31 sekúndulítra, enda þótt hún þarfnist ekki svo mikils magns. Heimilt er Garðræktarfélaginu að auka starfsemi sína að vild eftir 1975 og nota til þess eins mikið af hinu sjálfrennandi vatni og það óskar, en tilkynna skal það hitaveitunni með a. m. k. árs fyrirvara, svo að hitaveitunni gefist kostur á, að bæta sér upp hugsanlegt vatnstap með borunum.

   Noti Garðræktarfélagið þá svo mikið að sjálfrennandi heitu vatni, að ekki verði 31 árssekúndulítri aflögu til afnota hitaveitunnar skal tekið fullt tillit til þess við útreikning leigu.

3. Hitaveitan fær með samningi þessum rétt til borunar eftir heitu vatni í því landi, er Garðræktarfélagið á nú. Fyrir borunarrétt þennan fær Garðræktarfélagið til eigin ráðstöfunar án endurgjalds 10% - 1/10 hluta - þess vatnsmagns, sem fæst við borun.

   Er hitaveitunni að öðru leyti heimil án endurgjalds nýting þess viðbótarvatns, sem fæst við borunina.

   Þurfi Garðræktarfélagið eigi á að halda því vatnsmagni, sem í þess hlut kemur við boranir, skal hitaveitunni skylt að kaupa af því vatnsmagni allt að 5 árssekúndulítra af heitu vatni.

4. Fyrir afnot af sjálfrennandi heitu vatni skv. samningi þessum svo og fyrir nefnd 10% þess viðbótarvatns, sem Garðræktarfélagið fær vegna borana og lætur hitaveitunni í té, greiðir Hitaveita Húsavíkur kr. 10 000,oo - tíu þúsund krónur oo/10 fyrir hvern árssekúndulítra.

   Verð þetta miðast við verð gasolíu í Húsavík á undirskriftardegi samnings þessa, þannig að verði breyting á verði olíunnar breytist afnotagjaldið samsvarandi. Verð gasolíu til húshitunar í Húsavík er nú kr. 3,22 úr leiðslu og ber að miða við það verð.

   Greiðslur fyrir hið heita vatn skulu hefjast þegar Hitaveita Húsavíkur hefur sölu

atns til notenda. Skulu greiðslur fara fram ársfjórðungslega, 31. marz, 30. júní, 30. sept. og 31. des. ár hvert og greiðast inn á reikning Garðræktarfélagsins í banka í Húsavík.

Fari svo að hið sjálfrennandi heita vatn minnki verulega við borun, skal hitaveitunni skylt eftir sem áður að greiða fyrir a. m. k. 31 sekúndulítra af sjálfrennandi heitu vatni miðað við það, að Garðræktarfélagið noti ekki meira sjálfrennandi vatn sjálft en árin 1969 og 1970. Garðræktarfélagið á rétt til að fylgjast með mælingu á heita vatninu hvenær sem er og fá aðgang að nauðsynlegum mælingum og skjölum í því sambandi.

Verði veruleg breyting á vatnsmagni eða hita af óviðráðanlegum orsökum, skal samningur þessi tekinn til endurskoðunar með tilliti til þess.

5. Hitaveita Húsavíkur skal eiga forkaupsrétt að landi og mannvirkjum í eigu Garðræktarfélagsins að Hveravöllum, ef það vill selja, að frágengnum forkaupsrétti Reykja og Reykjahrepps. NB

Hætti Hitaveita Húsavíkur starfrækslu hitaveitu frá þessu hitasvæði, fær Garðræktarfélagið þau mannvirki á hitasvæðinu, sem það þarfnast til starfrækslu eigin hitaveitu endurgjaldslaust, en kauprétt að öðrum mannvirkjum skv. mati.

6. Hitaveitan á rétt til þeirra landsafnota í landi Garðræktarfélagsins, sem nauðsynleg eru til virkjunar jarðhitans. Hitaveitunni er heimil nauðsynleg umferð um land Garðræktarfélagsins til mannvirkjagerðar og viðhalds á mannvirkjum, sem nauðsynleg eru í sambandi við hitaveituna svo og til lagningar hitaveituleiðslu frá jarðhitasvæðinu um land Garðræktarfélagsins. Þess skal gætt að valda sem minnstum spjöllum og greiða skal fullar bætur fyrir spjöll þau, sem verða kunna á landi og/eða mannvirkjum skv. samkomulagi eða mati, ef samkomulag næst ekki.

Um mat skv. samningi þessum skulu gilda reglur laga um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917.

Hitaveitan greiðir ekki sérstaka lóðarleigu fyrir land undir mannvirki sín í landi Garðræktarfélagsins.

7. Hitaveita Húsavíkur hefur aðeins heimild til sölu á heitu vatni frá Hveravöllum til upphitunar húsa. Ekki má hitaveitan selja vatn þaðan til gróðrarstöðva eða ræktunar, sem á einn eða annan hátt getur talizt samkeppni við starfsemi Garðræktarfélagsins eða rekstur þess á Hveravöllum nema til komi samþykki stjórnar Garðræktarfélagsins.

8. Verði ágreiningur í samskiptum Garðræktarfélagsins og Hitaveitu Húsavíkur vegna túlkunar á samningi þessum skal hann útkljáður á þann hátt, að hvor aðili getur skotið honum til úrskurðar 3ja manna gerðardóms og er úrskurður hans endanlega bindandi fyrir báða aðila. Hvor aðili skal tilnefna einn mann í gerðardóminn, en sýslumaður Þingeyinga útnefna oddamann. Skulu allir gerðardómsmenn fullnægja skilyrðum 36. gr. eml. nr. 85/1936 skylda

9. Garðræktarfélagið svarar til vanheimildar og réttar til framangreinds vatnsmagns úr hverunum. Hitaveitu Húsavíkur er kunnugt um kröfu þá, er eigendur Reykja og annarra býla, sem byggð hafa verið úr þeirri jörð hafa gert um vatn úr Yztahver til áveitu og er fyrirfari gerður um vatnsmagnið, sem látið væri í té, ef krafa þessi yrði viðurkennd.

10. Bæjarstjórn Húsavíkur og sérstakur aukafundur í Garðræktarfélagi Reykhverfinga hafa þegar samþykkt samning þennan og öðlast hann þegar gildi. Verði Hitaveita Húsavíkur eigi tekin til starfa innan tveggja ára frá undirskrift samnings þessa fellur hann úr gildi.

11. Samningi þessum skal þinglýsa á kostnað Hitaveitu Húsavíkur.

Til staðfestu framanskráðu eru nöfn okkar rituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Húsavík, 3.apríl 1970

Björn Friðfinnsson Kristján Ármason

Sigurður O. Björnsson

Karl Kristjánsson.

Áki Baldvinsson.



Vottar:

Kristján [illegible]

... 30/4 '70 kl. 10 ...

... í veðmálabók Þingeyjarsýslu ... 45

blr. 21 til þinglýsingar ...

Dagbókarnúmer 1970.

[illegible] 38 825.
[illegible] 19 000.
57 825.

